

Skólaráðsfundur

Miðvikudagur 21.mars 2018 kl.8.10

Ritari: Rúna Gizurarson, sérkennari.

Mættir: Ólafur prestur í Seljakirkju (fulltrúi grenndarsamfélagsins), Magnea í 9. bekk (fulltrúi nemenda), Björn í 10. bekk (fulltrúi nemenda), Helga (fulltrúi foreldra), Sólveig stuðningsfulltrúi (fulltrúi annarra starfsmanna skólans en kennara), Rúna kennari (fulltrúi kennara), Kristín (fulltrúi foreldra) , Aðalheiður aðstoðarskólastjóri og Börkur skólastjóri.

Fundarefni:

- Farið var yfir skóladagatal næsta skólaárs, 2018-2019. Helstu umræðuefnið hvort eigi að hverfa frá því að hafa skólasetningardaginn sem skertann dag. Hafa frekar skólasetningu og svo hefðbundna kennslu strax á eftir. Einnig var rætt hvort ætti að falla frá opna foreldradeginum og hafa í staðinn nemenda-og foreldra samtöl bæði í nóv. og feb. Það verða þrjú sameiginlegir starfsdaga með leik- og grunnskólum Breiðholts. Auk þessar eru 2 venjulegir starfsdagar. Áfram haldandi umræða verður á næsta skólaráðsfundi.
- Umbótaáætlun Ölduselsskóla var rædd og farið var yfir nokkra þætti. Mikið var rætt um íþróttakennslu á unglíngastigi. Kristín lyfti upp þeirri spurningu hvort hægt væri að auka íþróttakennslu og setja það inni í stundarskrá nemenda. Einnig hvort hægt væri að hafa 40 mín íþróttatíma í staðinn fyrir 1 klst. íþróttatíma. Einnig var kvartað yfir að þegar kennslustundir féllu niður, sérstaklega í matreiðslu og leiklist, fengu nemendur ekki nægilegan fjölda kennslustunda í hverju fagi samkvæmt aðalnámsskrá.
- Framhaldsskóla áfangar í grunnskólum hafa ekki verið að skila sér inni í framhaldsskóla. Helga benti á að það þyrfti að skoða vel val áfanga á framhaldsskólastigi. Passa þurfi upp á að þessir framhaldsskólaáfangar séu í samræmi við kröfur framhaldsskóla svo að nemendur geti fengið þetta metið til stúdentsprófs.